

# 264. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 11. APRÍL 2017 KL 9:30

haldinn í Skálholti

---

## FUNDARGERÐ

---

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Fjármál
  - a) Kostnaðaráætlun vegna gerðar starfsreglna.
  - b) Aukakirkjuþing, verkefni löggjafarnefndar og vígslubiskupskosning, breyting á fjárhagsáætlun Kirkjumálasjóðs.
3. Fasteignir
  - a) Fundargerð kirkjustarfshóps 31.03.2017.
  - b) Kolfreyjustaður, fiskeldi, friðlýsing æðarvarps.
  - c) Staðastaður, erindi Ölkeldubænda.
  - d) Súðavíkurhreppur, endurskoðun aðalskipulags.
  - e) Traðir, dómur hæstaréttar, uppgjör málskostnaðar.
  - f) Holt í Önundarfirði, ósk um kaup á fasteign.
  - g) Þjóðlendumál, Selland Stafholtskirkju.
  - h) Prestsetur á Þórshöfn á Langanesi.
4. Ársreikningar Jöfnunarsjóðs sókna og Kristnisjóðs.
5. Embættiskostnaður prestsembættis o.fl. Erindi frá stjórn Prestafélags Íslands.
6. Úrskurður Úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar nr. 3/2016.
7. Endurheimt votlendis, erindi HS Orku.
8. Umhverfisnefnd kirkjunnar.
9. Kirkjutónlistarráð
10. Talsmaður leikmanna í almannatengslahópi biskupsstofu, kjörinn af kirkjuþingi.
11. Vígslubiskupskosning í Skálholti, erindi kjörstjórnar þjóðkirkjunnar.
12. Fundur með samstarfsnefnd Alþingis.
13. Úthlutunarreglur Jöfnunarsjóðs sókna.
14. Málefni Skálholts.
15. Önnur mál.

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst í Skálholti kl. 9:30. Forseti kirkjuráðs Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands stýrði fundi. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir Stefán Magnússon, Svana Helen Björnsdóttir, séra Gísli Jónasson í forföllum séra Gísla Gunnarssonar og séra Elínborg Gísladóttir.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Guðrún Finnbjarnardóttir sem ritaði fundargerð. Þá sátu fundinn undir lið 14 starfsfólk Skálholtsstaðar.

---

## 2. FJÁRMÁL

---

a) *Kostnaðaráætlun vegna gerðar starfsreglna.*

Áætlunin lögð fram. Hún gerir ráð fyrir að kostnaður verði kr. 1.501.266 miðað við gefnar forsendur. Kirkjuráð samþykkir áætlunina og leggur áherslu á að gætt verði ýtrasta aðhalds og fastráðið starfslið kirkjuráðs nýtt svo sem kostur er til að halda niðri kostnaði.

b) *Aukakirkjuþing, verkefni löggjafarnefndar og vígslubiskupskosning, breyting á fjárhagsáætlun Kirkjumálasjóðs.*

Lagt fram yfirlit um kostnað vegna verkefna sem ekki var gert ráð fyrir á fjárhagsáætlun Kirkjumálasjóðs en fallið hafa til eða munu falla til vegna ákvarðana sem teknar hafa verið. Kirkjuráð ályktar að gert verði ráð fyrir 14 m.kr. hækkun útgjalda Kirkjumálasjóðs vegna þessa auk kostnaðar skv. a. lið. við endurskoðun fjárhagsáætlunar sjóðsins.

---

## 3. FASTEIGNIR

---

a) *Fundargerð kirkjustarfshóps 31.03.2017.*

Fundargerðin lögð fram og samþykkt. Einnig lagt fram erindi Stefáns og Jóns Tr. Guðmundssonar þar sem óskað er eftir að fá að taka jörðina Hraungerði á leigu til eins árs gegn leigugjaldi sem nemi 3% af fasteignamati jarðarinnar fyrir yfirstandandi ár. Kirkjuráð samþykkir leigusamninginn og felur fasteignasviði að undirbúa sölu jarðarinnar.

b) *Kolfreyjustaður, fiskeldi, friðlýsing æðarvarps.*

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra vegna erindis Óðins Loga Þórissonar þar sem lagt er til að æðarvarp í landi Kolfreyjustaða verði friðlýst. Framkvæmdastjóra falið að fara fram á friðlýsinguna í samráði við ábúanda.

c) *Staðastaður, erindi Ölkeldubænda.*

Erindið lagt fram. Kirkjuráð ályktar að fela kirkjustarfshópi kirkjuráðs að taka málið fyrir.

d) *Súðavíkurhreppur, endurskoðun aðalskipulags.*

Lögð fram skipulags- og matslýsing vegna endurskoðunar aðalskipulags. Lýsingin er samin af hreppnum og verkfræðistofunni Verkís. Framlagningin er til kynningar.

e) *Traðir, dómur hæstaréttar, uppgjör málskostnaðar.*

Lagt fram erindi Inga Tryggvasonar hrl. varðandi málið. Kirkjuráð ályktar að fela framkvæmdastjóra að semja við lögmanninn um þóknun hans.

f) *Holt í Önundarfirði, ósk um kaup á fasteign.*

Erindið lagt fram. Upplýst var að umrædd fasteign tilheyrði jörðinni Holti og jörðin væri í ábúð. Fyrirspyrjanda hefur verið gert grein fyrir þessu.

g) *Þjóðlendumál, Selland Stafholtskirkju.*

Lagt fram erindi Inga Tryggvasonar hrl. vegna höfnunar Óbyggðanefndar á kröfu um þjóðlendu. Framkvæmdastjóra falið að annast um framkvæmd málsins í samráði við lögfræðisvið biskupsstofu.

h) *Prestsetur á Þórshöfn á Langanesi.*

Fasteignasviði falið að athuga með kaup eða leigu á prestsseturshúsi.

---

#### **4. ÁRSREIKNINGAR JÖFNUNARSJÓÐS SÓKNA OG KRISTNISJÓÐSFYRIR ÁRIÐ 2016**

---

Ársreikningarnir lagðir fram. Jöfnunarsjóður skilaði 83,3 m.kr. tekjuafgangi á árinu. Eignir hans í árslok námu 344,8 m.kr. og eigið fé var 330,6 m.kr. Kristnisjóður skilaði 102,6 m.kr. tekjuafgangi á árinu. Eignir hans í árslok voru 108,4 m.kr. og eigið fé var 102,7 m.kr. Ársreikningarnir samþykktir og áritaðir.

---

#### **5. EMBÆTTISKOSTNAÐUR PRESTSEMBÆTTA O.FL. ERINDI FRÁ STJÓRN PRESTAFÉLAGS ÍSLANDS**

---

Erindið lagt fram. Það var áður lagt fram á fundi fjármálahóps kirkjuráðs 3. og 6. júní 2016. Kirkjuráð ályktar að fela framkvæmdastjóra að láta vinna greiningu á stöðu málsins. Málið verði lagt fyrir fund kirkjuráðs í september n.k.

---

#### **6. ÚRSKURÐUR ÚRSKURÐARNEFNDAR ÞJÓÐKIRKJUNNAR NR. 3/2016**

---

Úrskurðurinn lagður fram. Fram kom að honum hefði verið áfrýjað til Áfrýjunarnefndar ágreiningsmála á kirkjulegum vettvangi. Áfrýjunarskjalið einnig lagt fram. Jafnframt lagt fram erindi frá FÍO þar sem farið er fram á fjárstyrk vegna reksturs málsins. Afgreiðslu málsins frestað.

---

#### **7. ENDURHEIMT VOTLENDIS, ERINDI HS ORKU**

---

Lagt fram erindi HS Orku með ósk um samvinnu um endurheimt votlendis. Kirkjuráð ályktar að fela framkvæmdastjóra að láta kanna hvaða prestsetursjarðir kæmu til greina fyrir verkefnið.

---

## 8. UMHVERFISNEFND KIRKJUNNAR

---

Lögð fram drög að umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar og áætlun um umhverfismat í söfnuðum. Gert er ráð fyrir að stefnan verði lögð fyrir kirkjuþing 2017 til staðfestingar. Jafnframt lögð fram tillaga um skipun umhverfisnefndar þjóðkirkjunnar og tillaga að tilnefningu nefndarmanna. Kirkjuráð ályktar að skipa nefndina og í hana verði verði skipuð sr. Elínborg Sturludóttir, sr. Axel Árnason og Jóna Bjarnadóttir, varamenn verði Björn Erlingsson og Sindri Geir. Með nefndinni starfar sr. Halldór Reynisson verkefnisstjóri.

---

## 9. KIRKJUTÓNLISTARRÁÐ

---

Lögð fram tillaga að tilnefningum FÍO í kirkjutónlistarráð. Tillagan samþykkt. Helga Þórdís Guðmundsdóttir verður aðalmaður í stað Kára Allanssonar. Hákon Tumi Leifsson verði varamaður í stað Helgu.

---

## 10. KJÖR KIRKJUÞINGS Á TALSMANNI LEIKMANNA/SÓKNA

---

Lagt fram minnisblað með drögum að efni samnings milli Kirkjumálasjóðs og hins kjörna fulltrúa sem kirkjuþing 2016 tilnefndi sem fulltrúa leikmanna/sókna í almannatengslahópi biskups Íslands og Kirkjuráðs. Samþykkt með þremur atkvæðum, gegn einu atkvæði, einn fulltrúi situr hjá.

---

## 11. VÍGSLUBISKUPSKOSNING Í SKÁLHOLTI, ERINDI KJÖRSTJÓRNAR ÞJÓÐKIRKJUNNAR

---

Kirkjuráði barst erindi kjörstjórnar þjóðkirkjunnar með tölvupósti hinn 10. þ.m. og meðfylgjandi tímatöflu. Í erindi kjörstjórnarinnar segir: Með vísan til 7.gr. nýrra starfsreglna um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa (þó enn óbirtra), þá leggur kjörstjórn til að rafræn tilnefning til vígslubiskups í Skálholti standi yfir dagana 23. til 28. ágúst nk. og kjörgögn verði send út, þ.e. að póstkosningin hefjist þann 28. september nk. Þess er óskað að kirkjuráð samþykki fyrrgreinda tillögu. Þá er þess óskað að formanni kjörstjórnarinnar verði tilkynnt um ákvörðun kirkjuráðs þegar hún liggur fyrir svo unnt sé að fara frekari undirbúning varðandi kosninguna. Kirkjuráð samþykkir erindið.

---

## 12. FUNDUR MEÐ SAMSTARFSNEFND ALÞINGIS.

---

Lagt er til að efnt verði til fundar með samstarfsnefndinni í tengslum við fund kirkjuráðs í maí. Forseta kirkjuráðs og framkvæmdastjóra falinn undirbúningur fundarins.

---

### 13. ÚTHLUTUNARREGLUR JÖFNUNARSJÓÐS SÓKNA

---

Lögð fram tillaga framkvæmdastjóra að breytingum á úthlutunarreglum í reglugerð um sjóðinn. Kirkjuráð ályktar að fela framkvæmdastjóra að fara fram á að breytingin verði gerð og samhliða fari fram heildarendurskoðun á reglugerðinni vegna nauðsynlegra breytinga sem gera þarf á henni.

---

### 14. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

---

Starfsfólk staðarins gaf skýrslu um störf sín. Lögð voru fram þrjú skjöl, minnispunktar frá fundi stjórnar Skálholts, nýting biskupshúss og endurnýjun skógræktarsamnings í Skálholti. Umræður urðu um málefni staðarins á grundvelli skjalanna. Tekin fyrir endurnýjun skógræktarsamnings. Kirkjuráð samþykkir samninginn og felur framkvæmdastjóra að ganga frá honum og leggja hann fyrir næsta fund. Tekin fyrir nýting á biskupshúsinu. Fasteignasviði falið gera tillögu að hönnun jarðhæðar hússins og fá til þess ráðgjöf frá tveimur til þremur arkitektastofum. Framkvæmdastjóra falið að koma á boðaðri kynningu frá ráðgjafarfyritækinu ALTA.

---

### 15. ÖNNUR MÁL

---

- a. *Skipun framkvæmdanefndar*  
vegna fundar Alkirkjuráðs í október í tengslum við Arctic Circle ráðstefnu. Skipuð eru Gunnar Sigurjónsson, Einar Karl Haraldsson, Bryndís Malla Elísdóttir.
- b. *Starfsumhverfiskönnun.*  
Forseti kirkjuráðs kynnti könnunina.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:13.

Næsti reglulegur fundur er áætlaður 9. maí 2017

---

Agnes M. Sigurðardóttir,  
forseti kirkjuráðs.

---

Oddur Einarsson,  
framkvæmdastjóri kirkjuráðs.

---

Séra Gísli Jónasson.

---

Séra Elínborg Gísladóttir.

---

Stefán Magnússon.

---

Svana Helen Björnsdóttir.